

Innköllum á Krónu pylsum 10 stk

Kjarnafæði Norðenska, í samráði við Krónuna og Matvælastofnun, innkallar Krónu pylsur 10 stk með síðasta notkunardag **27.08.2026**.

Ástæða innköllunar

Vegna prentvillu á hluta framleiðslulotunnar birtist innihaldslýsing ekki á umbúðum vörunnar. Þar af leiðandi er **sojaprótein**, sem er ofnæmis- og óþolsvaldur, ekki tilgreint á umbúðunum.

Varan inniheldur sojaprótein sem getur valdið ofnæmisviðbrögðum hjá einstaklingum með ofnæmi eða óþol fyrir soja.

Upplýsingar um vöruna

- **Vöruheiti:** Krónu pylsur 10 stk
- **Framleiðandi:** Kjarnafæði Norðenska
- **Lotunúmer:** 758-26210-2
- **Síðasti notkunardagur:** 27.08.2026
- **Dreifing:** Verslanir Krónunnar

Mikilvægar upplýsingar til neytenda

Neytendur sem hafa ofnæmi eða óþol fyrir soja eru beðnir um að neyta vörunnar ekki. Þeir geta annað hvort fargað vörunni eða skilað henni í næstu verslun Krónunnar og fengið fulla endurgreiðslu.

Kjarnafæði Norðenska biðst innilegrar velvirðingar á þeim óþægindum sem þetta kann að valda og þakkar viðskiptavinum fyrir skilninginn.

Mynd af réttri innihaldslýsingu og mynd af vanmerktri vöru fylgja hér að neðan.

